

Byggðasamlag um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu

Fundur í stjórn Byggðasamlags um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu var haldinn á skrifstofu Blönduósbæjar, þriðjudaginn 14. janúar 2019, og hófst kl: 16:45-

Mættir: Hjálmar Björn Guðmundsson, formaður (Blb.), Sverrir Þór Sverrisson (Hvhr.), Magnús Valur Ómarsson (Blb) og Valdimar O Hermannsson, sveitarstjóri Blb., sem jafnframt ritaði fundargerð. Jón Jóhannsson, slökkviliðsstjóri, boðaði forföll

Fundargerð:

Hjálmar Björn, formaður, setti fund, kl 16:45, og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var yfirfarin, samþykkt og undirrituð, en hún hafði verið send fundarmönnum í tölvupósti, eftir síðasta fund.

2. Ráðning Slökkviliðsstjóra Brunavarna A-Hún.

Valdimar og Hjálmar upplýstu um þau viðtöl sem farið höfðu fram við tvo umsækjendur, sem báðir uppfylltu kröfur sem fram komu í auglýsingu um starfið, ásamt þeirra mati á styrkleikum og hæfni viðkomandi til starfsins. Eftir nokkrar umræður um stöðuna þá var einróma samþykkt að leita fyrst samninga við annan aðilann, um ráðningu í starfið, og hefja viðræður við hann, m.a. á grundvelli viðtals og fram kominna forsendna um þróun starfs.

3. Önnur mál:

- Rætt var almennt um möguleika á þróun starfsins, m.a. með yfirtöku á eldvarnareftirliti, auknar forvarnir og samstarfi við fyrirtæki og stofnanir.
- Stjórn verður kölluð saman þegar viðræður eru komnar á ákvörðunarstig

Fleira ekki gert, og fundi slitið kl 17:45-

Hjálmar Björn Guðmundsson (sign), Sverrir Þór Sverrisson (sign),

Magnús Valur Ómarsson (sign),

Blönduósi 14. janúar 2019

Valdimar O Hermannsson (sign)